

Lýsing

Þetta er kennsluáætlun í íslensku í 3. bekk vorönn 2020. Hæfni nemenda er metin jafnóðum. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni

Íslenska

Kennsluáætlun 3. bekkur V20

Rauði þráðurinn í öllu íslenskunámi í 3. bekk er að þjálfra lestur, lesskilning og að auka orðaforða nemenda.

Einnig kynnst nemendur nokkrum grunnatriðum íslenskrar málfræði og stafsetningu, þjálfast í ritun, upplestri, hlustun og töluðu máli.

Lestur, lesskilningur og orðaforði:

- **Yndislestur:** Allir morgnar hefjast á yndislestri þar sem hver og einn les bók að eigin vali
- **Heimalestur:** Nemendur lesa upphátt heima 5x í viku
- **Lestur námsbóka:** nemendur lesa saman og einstaklingslega námsbækur í hinum ýmsu fögum
- **Lesum saman korter á dag:** lestrarátak í samstarfi við skólabókasafnið
- **Upplestur:** nemendur lesa upphátt fyrir samnemendur t.d. úr sögubókum
- **Samlestur:** nemendur skiptast á að lesa upphátt úr námsbókum
- **Orð dagsins:** nemendur skiptast á að koma með orð dagsins að heiman og kynna fyrir samnemendum sínum

Málfræði:

Nemendur kynnst byrjunaratriðum í málfræði með fjölbreyttum hætti. Þau grunnatriði sem farið verður í eru:

- Lýsingarorð
 - Sagnorð
 - Nafnorð
- o Sérnöfn og samnöfn
- o Eintala og fleirtala
- o Kyn
- Samsett orð
 - Tvöfaldur samhljóði
 - Ng og nk reglan
 - N eða nn í enda orðs
 - Stafrófið

- o Sérhljóðar
- o Samhljóðar

Ritun:

Nemendur þjálfist í að skrifa texta frá eigin brjósti og eftir forskrift. Einnig þjálfast nemendur í að draga rétt til stafs og læra grunnatriði í stafsetningu.

- Sögubók, fer heim u.þ.b. einu sinni í mánuði
 - Skriftarbók, nemendur skrifa eftir forskrift
 - Stafsetning
- o Glósubók, nemendur skrifa heima nokkur orð á viku
 - o Sóknarskrift
 - Myndasögugerð
 - Atburðablöð
 - Verkefnabækur
 - Veggspjaldagerð
 - Ljóðagerð

Talað mál, hlustun og áhorf:

Nemendur þjálfist í að tala skýrt og áheyrilega. Hlusta á aðra af athygli og átt góð samskipti.

- Umræður/samræður í kennslustundum
- Bekkjarfundir eru haldnir u.þ.b. einu sinni í viku
- Upplestur úr sögubókum
- Nestislestur, kennari les fyrir nemendur
- Leikýning: nemendur æfa og sýna leikritið *Dýrin í Hálsaskógi*

Námsmat

Lesferill: nemendur eru lestrarprófaðir 3x á skólaárinu

Vinna og virkni nemenda er metin jafnóðum

Stuttar kannanir öðru hverju

Spjaldtölvur

Ýmis forrit t.d. af námsvef Snælandsskóla

Snillismiðja: Fingrafimi